




**ÞINGGERÐ**  
**43. ÁRSPINGS**

*sem haldið var að Flúðum, Hrunamannahreppi*  
*30. og 31. október 1992*



**ÞINGGERÐ**  
**43. ÁRSPINGS**  
**LANDSSAMBANDS HESTAMANNAFÉLAGA**  
**1992**

43. ársþing L.H. var haldið að Flúðum í Hrunamannahreppi dagana 30.-31. okt. 1992.

Formaður L.H. Kári Arnórsson setti þingið og bauð fulltrúa og gesti velkomna.

Hann minntist tveggja látinna félaga þ.e. þeirra Sigurðar Línadal og Pálma H. Jónssonar.

**Ávörp gesta.**

Loftur Þorsteinsson oddviti í Hrunamannahreppi flutti ávarp og bauð þing L.H. velkomið að Flúðum. Loftur rakti í stuttu máli sögu Flúða og sveitarfélaganna í nágrenninu.

Niels Árni Lund fulltrúi landbúnaðarráðherra ávarpaði þingið og flutti kveðjur landbúnaðarráðherra.

Jón Helgason formaður Búnaðarfélags Íslands flutti ávarp og óskaði hestamönnum heilla og árangurs í þingstörfum.

Komið var að kjörbréfanefnd að skila sínu álitu. Samkvæmt því sitja fulltrúar 46 félaga þingið þ.e. 120 alls, samkvæmt talningu.

Þingforsetar voru tilnefndir þeir Fannar Jónasson, Hellu Rang., og Bjarni Ansnes, Flúðum.

Ritarar þingsins voru tilnefndir þeir:

Þorvaldur G. Ágústsson yfirritari.

Björg Dagbjartsdóttir, Valgerður Gísladóttir, Þröstur Karlsson og Sigurður P. Ásólfsson.

Samkvæmt skýrslu kjörbréfanefndar voru eftirtaldir fulltrúar réttkjörnir á ársþing L.H. 1992.

**Frá Andvara:**

Elísabet Þ. Þórólfsdóttir, Halldór H. Sigurðsson, María Þórarinsdóttir og Jóhann Másson.

**Frá Blakk:**

Guðbrandur Björnsson.

**Frá Blæ:**

Vilberg Einarsson

**Frá Dreyra:**

Samúel Ólafsson og Þorbergur Þórðarson.

**Frá Faxa:**

Jón Eyjólfsson, Ingimar Sveinsson, Sigurður Halldórsson, Guðmundur Sigurðsson.

**Frá Faki:**

Guðbrandur Kjartansson, Birgir R. Gunnarsson, Kristján Auðunsson, Jón Albert Sigurbjörnsson, Guðmundur Ólafsson, Jónas Kristjánsson, Valgerður Gísladóttir, Hjörtur Bergstað, Ragnar Tómasson, Guðlaug Steingrímsdóttir, Gunnar Maggi Árnason, Stefán Pálsson, Kristbjörg Eyvindsdóttir, Agnar Ólafsson, Haraldur Haraldsson.

**Frá Feyki:**

Björg Dagbjartsdóttir.

**Frá Freyfaxa:**

Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir, Guðmundur Þorleifsson.

**Frá Funa:**

Reynir Björgvinsson, Þór Hjaltason.

**Frá Geisla:**

Helgi L. Sigmarsson.

**Frá Geysi:**

Kristinn Guðnason, Guðmundur Einarsson, Valmundur Gíslason, Þorvaldur Ágústsson, Sigurgeir Bárðarson, Árni Jóhannsson.

**Frá Glað:**

Grettir B. Guðmundsson, Marteinn Valdimarsson.

**Frá Glæsi:**

Hreinn Júlíusson.

**Frá Gnýfara:**

Sigurður Andrés Kristinsson.

**Frá Gusti:**

Hallgrímur Jónasson, Kristmundur Halldórsson, Ásgeir Guðmundsson, Bjarni Sigurðsson, Sigrún Sigurðardóttir, Sævar Kristjánsson.

**Frá Háfeta:**

Kristján Ketilsson.

**Frá Hendingu:**

Elmar Reynisson.

**Frá Hornfirðingi:**

Ágúst Ólafsson, Ingólfur Vopni.

**Frá Hring:**

Kolbrún Kristjánsdóttir, Ármann Gunnarsson.

**Frá Herði:**

Rúnar Sigurpálsson, Þróstur Karlsson, Þorsteinn Aðalsteinsson, Valdimar Kristinsson, Kolbrún Ólafsdóttir, Sigurþór Gíslason.

**Frá Kinnskæ:**

Halldóra Játvarðardóttir.

**Frá Kóp:**

Sigurður Kristinsson.

**Frá Léttfeta:**

Sveinn Guðmundsson, Jón Geirmundsson, Bjarni Bragason.

**Frá Létti:**

Björn Jónsson, Jón Ólafur Sigfússon, Reynir Hjartarson, Sigurborg Daðadóttir.

**Frá Ljúf:**

Gísli R. Sveinsson, Halldór Guðmundsson.

**Frá Loga:**

Práinn Bj. Jónsson, María Þórarinsdóttir.

**Frá Mána:**

Vilberg Skúlason, Ólafur Gunnarsson, Brynjar Guðmundsson.

**Frá Neista:**

Kjartan Ólafsson.

**Frá Óðni:**

Guðmundur Valtýsson.

**Frá Sindra:**

Hermann Árnason.

**Frá Skugga:**

Þorsteinn Eypórsson, Ólafur Þorgeirsson, Halldór Bjarnason.

**Frá Sleipni:**

Haraldur Þórarinsson, Ólafur Einarsson, Ólafur Ólafsson, Steingrímur Viktorsson, Hrafnkell Guðnason.

**Frá Smára:**

Gunnar Örn Marteinsson, Haraldur Sveinsson, Sigurður P. Ásólfsson, Haukur Haraldsson.

**Frá Snæfaxa:**

Bjarnveig Skaftfeld.

**Frá Snæfellingi:**

Sólrún Júlíusdóttir, Kristján Gunnlaugsson, Sæmundur Kristjánsson.

**Frá Sóta:**

Ársæll Gunnarsson, Sigurður Thoroddsen.

**Frá Stíganda:**

Páll Dagbjartsson, Sigurður Ingimarsson.

**Frá Stormi:**

Bragi Björgmundsson, Þorkell Þórðarson.

**Frá Svaða:**

Símon I. Gestsson, Gísli Sv. Halldórsson.

**Frá Sörla:**

Sturla Haraldsson, Guðmundur Tryggvason, Þorsteinn Steinsson, Ágúst Oddsson, Anna Ólafsdóttir.

**Frá Trausta:**

Sigurður Sigurðsson, Hjálmur Guðmundsson, Theodor Vilmundarson.

**Frá Þjálfá:**

Ásdís Þórsdóttir, Baldvin Kr. Baldvinsson.

**Frá Þráni:**

Svanur Stefánsson

**Frá Þyt:**

Guðmundur Sigurðsson, Eggert Pálsson.

**Frá Félagi tanningamanna:**

Eyjólfur Ísólfsson, Ólafur H. Einarsson.

**Frá Dómarafélagi L.H. (án atkv. réttar).**

Olil Amble.

Auk þessara þingfulltrúa sátu þingið:

Stjórn L.H. og varastjórn.

Æskulýðsfulltrúi L.H., Ásdís Ingimarsdóttir.

Hrossaræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands, þeir:  
Porkell Bjarnason og Kristinn Hugason.

Stjórnarmenn L.H. voru þessir:

Formaður: Kári Arnórsson, Reykjavík  
Varaform: Guðmundur Jónsson, Reykjum Mosfellsbæ.  
Ritari: Ingimar Ingimarsson, Y-Skörðugili Skagaf.  
Féhirðir: Sigfús Guðmundsson, V-Geldingaholti Árn.

Meðstjórnendur: Jón Bergsson, Ketilsstöðum, Egilsst.  
Sigbjörn Björnsson, Lundum, Mýr.  
Halldór Gunnarsson, Lundi, Kópask.  
Varastjórn: Marteinn Valdimarsson, Búðardal.  
Elísabet Þ. Þórólfsdóttir, Garðabæ.  
Stefán Bjarnason, Sauðárkróki.  
Kristmundur Halldórsson, Kópavogi.  
Ágúst Oddsson, Hafnarfirði.

Varastjórnarmenn voru allir að einum undanskildum þingfulltrúar á þinginu.

### Skýrsla stjórnar:

1. Á starfsárinu voru haldnir 10 stjórnarfundir. Varastjórnarmenn eru yfirleitt boðaðir á stjórnarfundum enda þótt þeim beri ekki skilda til að mæta nema á fyrsta fund eftir L.H. þing og fund í lok starfsárs.
2. Skrifstofa L.H.  
Á skrifstofu L.H. starfa þau Sigurður Þórhallsson framkvæmdastjóri og Ingibjörg Magnúsdóttir.
3. Fræðslumál.  
Á síðasta ári kom út á vegum bókaútgáfunnar Örn og Örlygur, Handbók hestamannsins eftir Albert Jóhannsson fyrr. form. L.H. Enn hefur ekki náðst samkomulag um útgáfu Áfanga en vonir standa til að úr því rætist, því Örn og Örlygur hafa sýnt því áhuga.

#### Álit ferðanefndar.

Um umferð um Þjórsárþakka náðist samkomulag milli landeigenda og hestamannafélaganna Sleipnis og Smára með aðstoð Landssambandsins án sérstakra útgjalda að hálfu L.H. Formaður L.H. og framkvæmdastjóri mættu á fund þessara aðila þar sem frá þessu samkomulagi var gengið. Hvað varðar viðræður við bæjaryfirvöld Garðabæjar um lagningu reiðvegjar, þá var því máli vísað til reiðveganefndar í Kjalarnesþingi en það er nefnd hestamannafélaganna á þessu svæði sem unnið hefur ötullega að reiðvegamálum.

#### Álit gæðinga- og unglínganefndar.

Tillögur um dóma í unglíngakeppni var vísað til frekari vinnslu hjá gæðinga-

og unglínganefnd milli þinga og skyldi ný tillaga lögð fyrir ársþing 1992. Vísað er til þeirrar tillögu.

Álit fjárhagsnefndar:

42. ársþing synjaði um hækkun árgjalda til L.H. fyrir árið 1992 og voru þau óbreytt frá 1991 eða kr. 410 fyrir unglínga og 820 kr. fyrir fullorðna.

Álit allsherjarnefndar:

Nefnd um málefni dómara var starfandi milli þinga. Formaður hennar var Ingimar Ingimarsson. Nefndin leggur ítarlegar tillögur fyrir þetta þing um skipan þessara mála og vísast til þeirra.

Vegna tillögu um viðhald og viðgerð á réttinni á Skógrhólum er vísað til greinargerðar um það í þessari skýrslu en um þetta mál náðist góð samvinna við þjóðgarðsvörð og hreppsnefnd Pingvallahrepps.

Svæðisfundir:

Tveir svæðisfundir voru haldnir á árinu, þ.e. annar á Húsavík 15.03.92. en hinn á Akureyri. Á Húsavíkurfundinn mættu Kári Arnórsson og Halldór Gunnarsson úr stjórn L.H. og Sigurður Þórhallsson framkvæmdastjóri L.H. Akureyrarfundurinn var haldinn fyrir eyfirsku félögin. Þann fund sátu sömu aðilar og að auki Ingimar Ingimarsson úr stjórn L.H. Gerð var grein fyrir störfum skrifstofu L.H. Formaður og framkvæmdastjóri fóru í fylgd Kolbrúnar Kristjánsdóttur í skoðunarferð um svæði Hringsfélaga. Sambýlið í hinum glæsilegu húsakynnum sem áður voru refaskáli var skoðað undir leiðsögn Armanns Gunnarssonar og Hilmars Daníelssonar.

Um þinghald.

Allflest aðildarfélög L.H. hafa sent inn gögn og virðist meirihluti því fylgjandi að þinghald L.H. verði haldið annað hvert ár en formannafundur þess á milli. Tillaga þess efnis verður flutt á þessu þingi.

Lyfjamál.

Stjórn L.H. skipaði þrjá menn í lyfjanefnd L.H. og HÍ.S. Nefndin hefur unnið gott starf eins og skýrsla hennar ber með sér.

#### 4. Útgáfumál.

Hesturinn okkar var áfram í umsjá Gunnars Gunnarssonar en sá samningur rennur út 31. des. Samningnum hefur verið sagt upp og á 43. ársþingi verður lögð fram tillaga þess efnis að L.H. verði undanþegið þeirri skyldu að gefa út tímarit. Jóreykurinn var ekki gefinn út sem sérstakt fréttablað heldur birtur í tímaritum hestamanna, L.H. að kostnaðarlausu.

#### 5. Samningur við Félag tamningamanna.

Viðræður fóru fram milli aðila L.H. og F.T. um framlengingu á eldri samningi. Ekki náðist fullt samkomulag. Vegna þess birti L.H. og Félag hrossabænda viðmiðunarverð fyrir tamningar 1992. Viðmiðunarverð gerði ekki ráð fyrir hækkun heildargjalds. Nokkur tilfærsla var á einstökum



kostnaðarliðum í verðskránni, þ.e. tekið var tillit til reynslu manna við tamningar en að öðru leyti átti verðið við þá sem fást við tamningar og hafa til þess þekkingu. Vísað var til eldri samnings er birtur var í síðustu ársskýrslu. Sama máli gegnir um samning reiðkennara, þar vísast til eldri samnings að viðbættu 8% gjaldi vegna hækkunar kaupgjaldsliða.

6. Mótadagar félaganna.

Mótanefnd raðar niður tillögum félaganna. Í haust verður öllum félögum sent bréf um umsókn um mótadaga. Svar á að berast eigi síðar en 15. nóv. Stefnt verður að því að mótaskrá verði tilbúin fyrir áramót.

7. Reiðvegafé.

Reiðvegafé kr. 6.000.000 var úthlutað sem hér segir:

Blakkur, Strandasýslu	200.000
Dreyri, Akranesi	500.000
Faxi, Borgarfirði	500.000
Glaður, Dalasýslu,	400.000
Kinnskær, Barðastr.	200.000
Snæfellingur, Stykkish.	600.000
Stormur, Vestfjörðum,	450.000
Hending, Ísafirði	450.000
Skuggi, Borgarnesi	300.000
Flóttamannav. v. reiðl.	
til Skógarhóla	2.000.000
Sleipnir og Smári v. Þjórsárþ.	400.000

---

6.000.000

8. Skógarhólar.

Áningaraðstaðan var opnuð 5. júní, gistinætur hrossa voru 2.800, eða heldur fleiri en 1991. 31. maí var skipulagður vinnudagur sjálfboðaliða úr hestamannafélögum á Suðvesturlandi. Þar mættu 25 félagar frá tveimur hestamannafélögum, þ.e. Gusti og Fáki. Mikið verk var unnið en næg verkefni voru fyrir fleiri sjálfboðaliða. Stjórn L.H. skipaði Skógarhólanefnd eftir síðasta þing og setti henni eftirfarandi starfslýsingu:

"Nefndin skal hafa eftirlit með Skógarhólum hvað varðar viðhald og endurbætur. Nefndin gerir tillögur um rekstur Skógarhóla og framkvæmdir. Í verkahring nefndarinnar er að fá vinnuframlag frá þeim hestamannafélögum sem mest nýta staðinn þ.e. Stór-Reykjavíkursvæðið (Mosfellsbær þar með og Árnassýsla)". Í nefndinni eru: Gunnar B. Gunnarsson, Sleipni, formaður, Ásgeir Guðmundsson, Gusti og Kristján Auðunsson, Fáki.

9. Hraunréttin Skógarhólum:

Gert var átak við réttina þar sem hestamenn skulduðu henni nokkra andlitslyftingu. Haft var samráð við þekktan hleðslumann sem hefur gott orð á sér fyrir störf sín innan þjóðgarðsins. Þetta var hið mesta þarfaverk og bætti ímynd hestamanna.

10. **Æskulýðsmót FEIF.**  
 Æskulýðsmótið var haldið að Skógarhólum dagana 17.-26. júlí. Til að undirbúa mótið skipaði stjórn L.H. nefnd en í henni sátu:  
 Æskulýðsfulltrúar L.H., Kolbrún Kristjánsdóttir og Ásdís Ingimarsdóttir, Eydís Indriðadóttir og Guðmundur Hauksson, Elín Magnúsdóttir, Ágúst Oddsson, Sigurður Gunnarsson, Sigurður Þorsteinsson, Hákon Pétursson og Hjörný Snorradóttir.  
 Erlendir þátttakendur voru 33 og 9 íslensk ungmenni sóttu mótið. Þátttakendur voru á aldrinum 12-17 ára. Ferðast var um Borgarfjörð og Árnessýslu, farið í útreiðartúra og haldin námskeið. Æskulýðsmótið þótti takast með miklum ágætum og var nefndinni og þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem lögðu hönd á plóginn þakkað gott starf.
11. **Áningarhólfasjóður.**  
 L.H. markaði sjóðnum tekjustofn þ.e. 2% gjald af aðgangseyri lands- og fjórðungsmóta. Samkvæmt því kr. 187.730. Fimmtíu þúsund krónum var úthlutað til eftirtalinna félaga. Svaða, Sleipnis og félaganna vestan Helligheiðar þ.e. reiðveganeftndar í Kjalarnesþingi hinu forna og til Skógarhólanefndar vegna áningarhólfs í Selkoti á reiðleiðinni um Stíflisdal.
12. **Reiðhöllin.**  
 Reiðskólinn h.f. tók Reiðhöllina á leigu til eins árs frá 1. janúar. Framkvæmdastjóri var Jón Albert Sigurbjörnsson, Reykjavík. Reksturinn gekk vel og stóð undir sér án styrkveitinga úr ríkissjóði. Íþróttta og tómsundaráð Reykjavíkur endurleigði Reiðhöllina í tvo mánuði að vetrinum og allt sumarið vegna reiðkennslu grunnskólabarna.
13. **Fjórðungsmót á Vesturlandi.**  
 Hestamannafélagin á Vesturlandi og Vestfjörðum héldu fjórðungsmót á Kaldármelum 25.-28. júní. Mótið tókst vel og stóð undir sér fjárhagslega.
14. **Tölvumál.**  
 Fundur var haldinn þar sem mættu fulltrúar frá L.H. og HÍS til að ræða tilboð um hugbúnaðargerð vegna dómakerfis, sem borist hafði frá TÍR. Á fundinn mættu einnig fulltrúar frá Íþróttadeild Fáks og Ólafur H. Einarsson tölvusérfræðingur. Ljóst er að kostnaður er mikill við hönnun kerfis og kapallagna í jörðu en hagræðingin er augljós. Á stjórnarfundum L.H. 9. júní var myndaður starfshópur en um það mál sáu þeir Ingimar Ingimarsson, Ólafur H. Einarsson og Guðmundur Jónsson ásamt 2 mönnum frá Dómarafélaginu.
15. **Frá lyfjanefnd.**  
 Álit nefndarinnar er að ekki sé um lyfjanotkun að ræða í hestamennsku. Nefndin leggur til að komið verði á fót lyfjæftirlitsnefnd líkt og ÍSÍ. Nefndin leggur til að fyrsta lyfjapróf hér á landi verði framkvæmt á einhverju stórmóti t.d. Landsmóti 1994. Nefndin telur eðlilegt að náðið samstarf sé um þetta mál á milli L.H. og HÍS. Í nefndinni voru tveir fulltrúar frá HÍS, þeir Magnús

Lárusson, Hólum og Sigurður Sæmundsson Holtsmúla. Þegar farið var að kanna þessi mál frá sjónarhóli HÍS kemur í ljós að það samband fellur alfarið undir reglur ÍSÍ. Þar kemur fram hvaða lyf eru á bannlista.

Í lyfjanefnd sitja: Guðbrandur Kjartansson form. Þór Sigþórsson, Kristmundur Halldórsson, Sigurður Sæmundsson, Magnús Lárusson. Helgi Sigurðsson er faglegur ráðgjafi nefndarinnar.

16. Frá Dómarafélaginu.

Á árinu hafa verið haldnir sjö stjórnarfundir. Dagana 3.-5. apríl var haldið dómaramámskeið í Borgarnesi. Átta nýir gæðingadómarar voru útskrifaðir. Í stjórn félagsins eru: Olil Amble, form., Halldór Sigurðsson, Eyþór Óskarsson og til vara þeir Jóhann Þorsteinsson og Elías Guðmundsson.

17. Frá æskulýðsfulltrúum.

Kolbrún Kristjánsdóttir lét af starfi sem æskulýðsfulltrúi L.H. 1. júní eftir sex ára giftudrjúgt starf. Við tók Ásdís Ingimarsdóttir. Starf æskulýðsfulltrúa er viðamikil og því fylgja mikil ferðalög um landið. Í starfi æskulýðsfulltrúa er lögð áhersla á ýmisskonar fræðslufni auk leikja og gamans.

18. Ferða og umhverfismálanefnd.

Nefndin hélt fund þann 4.03.'92. Í framhaldi af fundinum sendi L.H. aðildarfélögum sínum spurningarlista þar sem óskað er upplýsinga um reiðleiðir og ýmsa þjónustu á reiðleiðum svo sem áningahólf og aðra aðstöðu sem félögin hafa upp á að bjóða í nágrenni sínu. Svör hafa borist skrifstofunni frá 28 hestamannafélögum og mörg félögin lögðu mikla vinnu í málið og sendu inn ómetanlegar upplýsingar.

19. Reiðvegamála-reiðvegaáætlun.

Samþykkt var á Alþingi 1991 svohljóðandi þingsályktun um reiðvegaáætlun: "Alþingi ályktar að fela samgöngumálaráðherra að skipa nefnd með þátttöku samtaka hestamanna og sveitarfélaga til þess að kanna ástand reiðvega og gera reiðvegaáætlun".

Þann 21. nóv. 1991 skipaði samgöngumálaráðherra starfshóp til þess að vinna að þessu verkefni, Þórð Skúlason framkvæmdastjóra Sambands Ísl. sveitarfélaga, Sigurð Þórhallsson framkvæmdastjóra L.H. og Jón Birgi Jónsson aðstoðarvegamálastjóra og er hann jafnframt formaður starfshópsins.

Í starfi sínu skal starfshópurinn m.a. taka mið af eftirfarandi atriðum:

Gera skal reiðvegaáætlun til fjögurra ára í senn og forgangsraða verkefnum. Hafa skal nána samvinnu við L.H., samtök sveitarfél., Vegagerð ríkisins, Skipulagsstjórn og Ferðaþjónustu bænda sem og einstök sveitarfélög og landeigendur og huga þannig að öryggi gegn slysum. Viðurkenna skal í raun umferð ríðandi manna sem hluta af samgöngum landsmanna. Friðlýsa þarf fornar reiðleiðir og halda þeim við. Hafa skal hlið á girðingum þar sem alfaraleiðir og girðingar skerast.

Starfshópurinn hefur haldið tvo fundi. Framkvæmdastjóri L.H. hefur ritað formanni starfshópsins bréf þar sem verkefnin eru sett í forgangsroð frá sjónarhóli L.H. Umsóknir hestamannafélaga um reiðvegafé til L.H. fyrir 1992

voru nær 150 milljónir króna. Í fjárlögum var L.H. úthlutað 6 milljónum króna til verkefnisins. L.H. þykir eðlilegt að 1,5% af vegafé fari til reiðvegagerðar og viðhalds reiðvega. L.H. lýsir vonbrigðum með skilningsleysi af hálfu hins opinbera.

20. Samstarf við HÍS.

Á síðasta þingi HÍS var samþykkt tillaga um að hefja könnunarviðræður við L.H. um hugsanlega sameiningu þessara tveggja samtaka. Stjórn L.H. skipaði 3 manna vinnuhóp til að athuga þessi mál áður en til viðræðna komi. Þann hóp skipuðu Guðmundur Jónsson varaform. L.H., Sigfús Guðmundsson gjaldk. L.H., og Kristmundur Halldórsson varastjórnarmaður.

Niðurstaða fundar um þessi mál var sú að menn gæfu sér lengri tíma til að skoða þessi mál.

21. Helstu viðburðir ársins.

Í janúar var tekið í notkun nýtt hesthús fyrir Stóðhestastöð ríkisins í Gunnarsholti. Af þessu tilefni færði L.H. stöðinni myndbandsupptökuvél.

22. Starfsemi FEIF.

Aðalfundur FEIF var haldinn í Chur í Sviss 12. sept. s.l. Þeir sem sóttu fundinn að hálfu Íslands voru þeir Kári Arnórsson formaður L.H. og Pétur Jökull Hákonarson formaður HÍS og Sigurður Ragnarsson varforseti í FEIF undanfarin ár. Á aðalfundinum var breytingartillaga Íslendinga um Heimsbikarmótið samþykkt, en með henni er gert ráð fyrir að ísl. keppendur geti unnið sér keppnisrétt á Heimsbikarmótið án þess að þurfa að keppa á móti erlendis.

Að lokinni skýrslu Kára Arnórssonar tók **Sigfús Guðmundsson gjaldkeri L.H.** til máls. Hann las upp og skýrði reikninga L.H. Fjárhagsstaðan virðist nokkuð góð. Tekjur alls voru kr. 7.033.350 en gjöld kr. 6.468.226. Hagnaður kr. 565.124.

Orðið var gefið laust um skýrslu formanns og reikninga L.H.

Fyrstur tók til máls Albert Jóhannsson fyrrv. formaður L.H. Hann skoraði á þingfulltrúa að berjast fyrir því að þing L.H. yrði haldið hvert ár. Einnig mætti halda formannafund. Hann sagði þingin efla kynni milli manna. Albert skoraði einnig á stjórn L.H. að halda áfram útgáfu Hestsins okkar.

Þá tók til máls Guðbrandur Kjartansson. Þakkaði hann góða skýrslu stjórnar. Hann benti á að framkvæmdir við áningu við Stíflisdalsvatn séu ófullnægjandi og rekstur skrifstofu L.H. væri of hár. Samkvæmt skýrslu séu unglingar innan L.H. of fáir og skoða þurfi félagsgjöld unglinga. Einnig styður hann árlegt þinghald.

Ármann Gunnarsson var næstur á mælendaskrá. Ármann þakkaði góða skýrslu stjórnar. Átaldi hann mikla hækkun launa og skrifstofukostnað. Hann telur nauðsynlegt að L.H. sjái um rekstur Hestsins okkar og segir blaðið réttan vettvang fyrir félögin til að koma starfi sínu á framfæri.

Kári Arnórsson þakkaði þeim sem talað hefðu um skýrsluna og sagði að L.H. gæti haldið áfram útgáfu Hestsins okkar þó það væri ekki bundið í lög. Benti hann á

breytta tíma og að erfitt sé að gefa út tímaritið og oft sé erfitt að fá upplýsingar frá félögunum. Taldi hann Skógarhóla til sóma fyrir hestamenn og gott að vera innan þjóðgarðsins. Kári talaði um að skýra mætti hækkun á skrifstofukostnaði með því að framkvæmdastjóraskipti urðu á árinu og þá var framkvæmdastjórastarfið gert að fullu starfi en var hálf starf áður.

Þá tók til máls Halldór Guðmundsson. Hann þakkaði skýrslu stjórnar. Hann vildi láta senda þingfulltrúum skýrsluna fyrir þingið. Gagnrýndi hann rekstur Skógarhóla. Taldi tekjur of litlar. Honum fannst að löggæsla á síðasta landsmóti hefði ekki átt að greiðast af L.H. Einnig taldi hann að fé til áningarhólfa ætti að koma úr sameiginlegum sjóði.

Guðmundur Valtýsson talaði um svartsýni í skýrslu stjórnar. Taldi hann að víða væri farið illa með hross og ljótt sé að sjá enn hross á sumarjárnnum. Styður Guðmundur útgáfu L.H. á Hestinum okkar.

Kári Arnórsson skýrði kostnað vegna löggæslu á síðasta landsmóti, þ.e. L.H. varð að sjá um fjárveitingu frá Alþingi þannig að þeir peningar sem þar fengjust fóru aðeins um hendur L.H. en ekki úr sjóðum þess.

Þorkell Bjarnason þakkaði skýrslu stjórnar og sagðist ekki vilja gefa upp skoðun sína á því hvort þing skyldi halda hvert ár eða annað hvert. Sagðist Þorkell sjá eftir H.O. ef hann hætti að koma út. Hann gagnrýndi áform stjórnvalda um að ætla að selja Stóðhestastöðina og sagði að svo mætti aldrei fara. Hann taldi að Ísland yrði alltaf að hafa forystu um ræktun ísl. hestsins.

Fleiri tóku ekki til máls um skýrslu stjórnar og Bjarni Ansnes bar upp reikninga L.H. og voru þeir samþykktir samhljóða.

Nú var gefið matarhlé.

Fyrsta mál á dagskrá eftir matarhlé var að tillögur voru lagðar fram og þeim vísað til nefnda.

Sigfús Guðmundsson hafði framsögu um þingskjal nr. 2. Hann sagði að árgjöld yrðu að hækka talsvert þar sem enginn hækkun var á milli árána '91-'92. Einnig væri um að ræða minnkandi framlag ríkisins til L.H. Tillagan er um að árgjöld 16 ára og yngri hækki úr kr. 410 í kr. 500 og árgjöld 17-69 ára hækki úr kr. 500 í kr. 1.000 fyrir árið 1993.

Helstu áætluðu tekjur og gjöld eru eftirfarandi:

Tekjur:

Árgjöld félaga 16 ára og yngri.	kr.	354.000
Árgjöld félaga 17-69 ára	"	6.359.000

Gjöld:

Laun og launatengd gjöld	kr.	2.800.000
Húsaleiga og skrifstofuk.	"	1.600.000
Þátttaka HÍS í rekstri skrifstofu	"	- 600.000
Þinghald og fundir	"	800.000
Akstur og ferðak.	"	550.000
Æskulýðsstarf	"	800.000

Þingforseti las upp þingskjöl frá nr. 3 til nr. 25 og eru þau eftirfarandi:

### Þingskjal nr. 3

43. ársþing samþykkir að þing L.H. verði haldin annað hvert ár frá og með næsta ársþingi 1993. Formannaráðstefna verður haldin árið á milli þinga. Þingið samþykkir bráðabirgðaákvæði um stjórnarkjör sem hljóðar þannig: Þeir stjórnarmenn sem kjörnir verða á þessu þingi (form. og þrír meðstjórnendur) verða kjörnir til eins árs. Þetta bráðabirgðaákvæði fellur niður að loknu stjórnarkjöri. Þinginu 1993 verði falið að staðfesta nauðstynlegar lagabreytingar er þessu fylgja svo og reglugerð um verkefni og valdsvið formannaráðstefnu.

### Þingskjal nr. 4

43. ársþing L.H. Lagabreyting 10. gr. nógildandi laga hljóðar þannig: "L.H. gefur út tímarit. Stjórnin sér um útgáfuna eða ritnefnd, sem stjórnin kýs". Stjórn L.H. leggur til við ársþing L.H. 1992 að þessi grein verði felld úr lögum og númer á öðrum greinum breytist samkvæmt því. Ennfremur skal stjórn L.H. falið að ráðstafa tímaritinu Hesturinn okkar.

### Þingskjal nr. 5

43. ársþing L.H. leggur til breytingu á keppnisreglum þess efnis að koma megi við aukinni tölvuvæðingu við dómstörf í gæðingakeppni og þá þannig að breyta megi aðferð við sýningu einkunna og meðferð dómagna.

### Þingskjal nr. 6

43. ársþing L.H. felur stjórn L.H. að stuðla að því, að reglum um skráningu hrossa á kynbótasýningum sé fylgt, svo að ekki komi tíð eyður í skrá, sem gefnar eru út á þessum sýningum.

### Þingskjal nr. 7

43. ársþing bendir á, að tölfræðileg athugun hefur leitt í ljós, að í dómum kynbótahrossa kunni að vera þverstæða í stigunarkvörðun og einkunum fyrir byggingu annars vegar og fyrir hæfileika hins vegar og einkum þó fyrir fótagerð og réttstöðu annars vegar og fyrir tölt og skeið hins vegar.

Ársþingið bendir á að einkunnakerfi kynbótahrossa þarf að byggja á traustum ákvörðunum um sjálfar forsendur þess. Kerfið þarf að geta svarað, hvort við séum að rækta alhliða hross, töltara, mjúk og úthaldsgóð ferðahross, hágeng sýningarhross, hross til að horfa á, eitthvað af þessu eða allt í senn, og hvernig stigunarkvarðar taki tilliti til þessarar fjölbreytni í óskum markaðarins.

Ársþingið bendir á að komið hefur ítrekað fram, að margvísleg umhverfisáhrif kunni að veita þungt í dómum kynbótahrossa og spill gildi þeirra sem forsendu í ræktun. Af framangreindum ástæðum felur ársþingið stjórn L.H. að reyna að koma á samstarfi málsaðila um gerð nýs dómkerfis, er 1. samræmi betur kröfur til byggingar og hæfileika hrossa, 2. taki aukið mið, af þörfum markaðarins og 3. dragi úr umhverfisáhrifum á einstaka dómpætti.

**Þingskjal nr. 8**

43. ársþing L.H. leggur til að tekið verði fullt tillit til umferðar almennra félaga hestamannafélaganna þegar fé er úthlutað til reiðvega.

**Þingskjal nr. 9**

Þing L.H. skorar á stjórn sambandsins að beita sér fyrir því eftir því sem kostur er að gömlum reiðgötum sé haldið opnum og fá opnaðar eldri götur sem lokað hefur verið.

**Þingskjal nr. 10**

43. þing L.H. samþykkir að beina því til aðildarféлага L.H. að stórnir þeirra beiti sér fyrir því að keppendur félaga þeirra noti reiðhjálma þegar þeir taka þátt í keppni og sýningum. Einnig að félögin beiti sér fyrir almennri notkun reiðhjálma.

**Þingskjal nr. 11**

43. ársþing L.H. samþykkir að stjórn L.H. skipi 5 manna nefnd sem færi með málefni barna og ungling af innan Landssambandsins. Nefndin skal vera unglingafulltrúa L.H. til ráðuneytis og aðstoðar í starfi. Unglinganefndin skal leitast við að hafa sem besta samvinnu og samstarf við HÍŠ um þetta efni.

**Þingskjal nr. 12**

43. ársþing L.H. felur stjórn L.H. að skipa þriggja manna nefnd sem starfi á milli ársþinga og skal hún hafa það hlutverk að fylgjast með þróun mála varðandi lyfjaeftirlit vegna keppnishrossa og vera ráðgefandi um framkvæmd.

**Þingskjal nr. 13**

Ársþing L.H. samþykkir að stjórn L.H. mælist til þess við Dómsmálaráðuneytið að hestamenn verði skyldaðir til að bera endurskinsmerki eftir að dimma tekur.

**Þingskjal nr. 14**

43. ársþing L.H. samþykkir að kjósa 7 manna nefnd og 2 til vara í millipinganefnd, sem hafi það markmið að kanna kosti og galla þess að sameina L.H. og HÍŠ í eitt landsfélag. Niðurstöður nefndarinnar liggi fyrir 1. febrúar 1993 og verði kynntar aðildarfélögum L.H. Skulu félögin taka afstöðu til málsins og skila álitum til nefndarinnar fyrir 1. júní. Nefndin skili síðan framkomnum niðurstöðum til ársþings L.H. 1993.

**Þingskjal nr. 15**

Ársþing L.H. samþykkir að stjórn L.H. láti semja námsskrá í reiðkennslu.

**Þingskjal nr. 16**

43. ársþing L.H. vegna breytinga á reglugerð um gæðingakeppni. Inn í 1. gr. komi ný setning eftir orðunum... í reglum þessum. Heimilt er hrossi í eign hrossabús að taka þátt í gæðingakeppni enda sé eigandi eða forráðamaður búsins félagsmaður í L.H. Verður þá 1. gr. í heild sinni þannig:

Rétt til þátttöku í gæðingakeppni hafa öll tamin hross 5 vetra og eldri í eigu félagsmanna innan L.H. ef þau fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í reglum

Þessum. Heimilt er hrossi í eign hrossabús að taka þátt í gæðingakeppni enda sé eigandi eða forráðamaður búsins félagsmaður L.H. Hross sem taka þátt í kynbótasýningu eiga ekki rétt í gæðingakeppni lands- og fjórðungsmóta að því undanskildu að hross, sem taka þátt í kynbótasýningu sem afkvæmi í afkvæmahópi hafa þó rétt til þátttöku.

#### **Þingskjal nr. 17**

43. ársþing L.H. leggur til að gerð verði breyting á reglugerðum um gæðinga- og unglíngakeppni, sem feli í sér að þegar riðið er til úrslita í gæðingakeppni ásamt barna- og unglíngakeppni sýni dómarrar röðun strax að lokinni sýningu hverrar gangtegundar fyrir sig.

#### **Þingskjal nr. 18**

43. ársþing L.H. samþykkir að í keppni unglínga megi keppandi ekki sýna hest yngri en 5 vetra.

#### **Þingskjal nr. 19**

43. ársþing L.H. leggur til að gerð verði breyting á reglugerð um unglíngakeppni, sem feli í sér að einkunn og þá röð keppenda fyrir ásetu og stjórnun í forkeppni haldist í úrslitum í barna og unglíngakeppni þannig að dómari gefi aðeins röðun fyrir gangtegund í úrslitum, en keppendur taki með sér röðun úr forkeppni.

#### **Þingskjal nr. 20**

43. ársþing L.H. samþykkir eftirfarandi tillögu:

Mæti hestur ekki til kynningar á fjórðungs- eða landsmóti skal hann missa af verðlaunum á því móti og settur í keppnisbann út það árið sem brotið á sér stað.

#### **Þingskjal nr. 21**

43. ársþing samþykkir að skipuð verði nefnd þriggja manna til að yfirfara, endurvinna og bæta við það ritaða efni sem nú er til og notað er við kennslu á dómara námskeiðum svo og af dómurum að störfum. Nefndin skal í umfjöllun sinni leita álits færra manna og þá gjarnan fleiri en eins um hvert einstakt efni. Nefndin skal einnig gera úttekt á því myndefni sem til er og hefur verið til kennslu á námskeiðum svo og að leggja á ráðin um öflun frekara efnis. Dómarafélag L.H. leggi til formann nefndarinnar.

#### **Þingskjal nr. 22**

43. ársþing samþykkir að skipuð verði millipínganefnd sem hafi það hlutverk að huga að tölvuvæðingu gæðingadóma á stórmótum (t.d. fjórðungs- og landsmótum) og geri um það efni tillögu sem lögð verði fyrir ársþing 1993. Dómarafélag L.H. leggi til einn mann í nefndina og stjórn L.H. tvo og sé annar þeirra með sérþekkingu í tölvutækni.

#### **Þingskjal nr. 23**

43. ársþing L.H. samþykkir að hér eftir sé gæðingadómurum skylt að mæta árlega á æfinganámskeið vilji þeir viðhalda réttindum sínum. Námskeið þessi séu haldin fyrir 1. apríl ár hvert og sé til þeirra boðað með minnst eins mánaðar fyrirvara.



Stjórn Dómarafélags L.H. skipuleggi æfinganámskeið í samráði við stjórnir deilda Dómarafélagsins. Bráðnauðsynlegt er að samræma allt efni sem lagt er fyrir á slíkum námskeiðum. Umsjónarmenn æfinganámskeiða geta, ef brýn ástæða þykir til, látið þátttakendur/dómara þreyta hæfnispróf. Dómari getur sótt um undanþágu frá því að sækja æfinganámskeið liggi til þess góðar og gildar ástæður enda sinni hann þá ekki dómstörfum það ár. Sækja þarf um slíkar undanþágur skriflega til stjórnar Dómarafélags L.H. Umsjónarmenn æfinganámskeiða skulu vera með landsdómararéttindi.

#### Þingskjal nr. 24

43. ársþing L.H. samþykkir breytingar á keppni í barna og unglingaflokkum. Úrslitakeppni: Dómarar gefa ekki einkunnir heldur sýna á spjaldi í hvaða sæti þeir raða hverjum knapa og gefa sameiginlega sætaröðun fyrir ásetu, stjórnun og gangtegundir, og verði tveir eða fleiri knapar jafnir í 1. og 2. sæti skal skorið úr með bráðabana eða hlutkesti (þá í samráði við keppendur). En um önnur sæti skal skera úr um með hlutkesti. Sá knapi sem lægsta samtölu fær hefur sigrað. Bráðabani skal alltaf riðinn á vinstri hönd, einn hringur á hverri gangtegund.

#### Þingskjal nr. 25

43. ársþing samþykkir breytingar á úrslitakeppni í barnaflokki.

Úrslitakeppni - yngri flokkur:

Tölt eða brokk skal sýna minnst tvo hringi til hvorrar handar. Stökk skal sýna tvo spretti, einn og einn í einu, með hraðamun og mjúkri niðurhægingu.

Knapar safnist saman á skammhlið og komi sér saman um í samráði við stjórnanda í hvaða átt skal ríða.

Nú var komið að næsta dagskrárlið þ.e. **Hrossaræktin - yfirlit 1992.**

Framsögumaður: **Kristinn Hugason hrossaræktarráðunautur.**

Hann ræddi um skýrsluhald í hrossarækt sem skiptist í:

- a. Grunnskráningu.
- b. Frostmerkingu.
- c. Tilkynningu um eignaskipti á frostmerktum gripum.
- d. Fanga- og folaldaskýrslur.
- e. Búsbækur.

Tölvukerfi Búnaðarfélagsins í sambandi við hrossarækt heitir Fengur og hefur Pétur Behrens gert fallett merki "logo" sem mun brýða eyðublöð frá Búnaðarfélaginu. Kristinn kynnti ný eyðublöð sem eru í prentun þ.e. grunnskráningar- og frostmerkingareyðublöð.

Í tölvukerfið Feng eru skráðar upplýsingar um:

- a. Ætternisvottorð.
- b. Dómsvottorð.
- c. Dómaskrá.
- d. Kynbótamat pr. einstakling og pr. heildina.

Kristinn Hugason ræddi um dómsstörf í hrossarækt. Hann nefndi að afurðamat í

hrossarækt kæmi strax fram við dómsstörf og væri það annað en tókast við aðrar búgreinar. Hann nefndi að þingskjal frá Fákí um kynbótamat væri byggt á misskilningi og vanþekkingu á störfum við hrossarækt. Útkoman við að hafa þriggja manna nefnd við dómsstörf gæfi betri raun en áður tíðkaðist þegar einn var að dæma í senn.

Einnig nefndi hann að breyting sem var gerð á árinu 1990 á útreikningum við kynbótadóma væri að skila miklum árangri. Stigakvarði væri nauðsynleg undirstaða dóma þrátt fyrir það huglæga mat sem ætíð er notuð.

Kristinn kom inn á Bluppið og sagði hann að forsendur gæfu hámarksöryggi og væru forsendur að útreikningi kynbótamats eftirfarandi:

- a. Ætterni.
- b. Einstaklingsdómar einstaklinga og allra skyldra gripa.
- c. Aldur einstaklings þegar hann er sýndur.
- d. Kynferði.
- e. Dómsár.

Hjá Búnaðarfélaginu er í smíðum nýtt forrit sem mun auka reiknigetu, sem mun gefa traustara mat á arfgengi útreikninga á kynbótamati og áhrif ætternis.

Nauðsynlegt væri að sýnendur og dómamar væru vel þjálfaðir til að ná árangri líkt og nemandi yrði að lesa vel undir próf til að ná árangri.

Kristinn kom inn á útgáfumál hjá B.Í. og sagði að 3 útgáfur væru í farvatninu.

- a. Kynbótadómar og sýningar sem ættu að koma út á þremur tungumálum þ.e. íslensku, ensku og þýsku. Stefnt væri að útgáfunni í nóvember í ár.
- b. Fræðsluefni um kynbætur hrossa þ.e. sérrit um alla helstu þætti hrossa-kynbótadóma, sem einnig koma út í nóvember í ár.
- c. Hrossaræktin 1992 er síðan væntaleg í mars 1993.

Kristinn kom inn á mikilvægi reksturs Stóðhestastöðvarinnar og sagði hann að hún væri mikilvægur hlekkur í ræktunarstarfinu og mætti ekki lognast út af með sölu ríkisins ef af verður.

Ragnar Tómasson lagði fram eftirfarandi fyrirspurn: Er að mati Kristins ástæða til að auka vægi einstakra greina í matinu í hrossaræktinni. Kristinn sagði að ekki væri ástæða fyrr en sú lína sem nú er í gildi hefur fest sig í sessi og þá sannað eða afsannað gildi sitt.

Ingimar Sveinsson spurði um breytingar sem hafa verið gerðar á dómum. Hann sagði þær vera margar en margar hefðu ekki áttað sig á þeim.

Kristinn nefndi að 1978 hafi margfeldinu verið breytt en stærsta breytingin hafi verið árið 1990.

Guðbrandur Kjartansson sagði að honum fyndist erfðaeiginleikaformúla ekki rétt.

Kristinn hafi rætt um leiðréttingu í dómum vegna snilldar knapa og öfugt, en hvað væri um leiðréttingu á mistökum dómara.

Kristinn sagði að erlendis væri aðskilnaður dómnefnda en það ætti ekki við hér þar sem sömu dómamar færu um allt landið og næðist því góð samræming.

Að lokum nefndi Kristinn Hugason tvö atriði:

- a. Hugur stendur til breytinga á afkvæmadómum á hryssum á næsta ári. Breytingin komin um áramót ef af verður.
- b. Stefnt verður að aukinni þjónustu á sýningarhaldi sem mun hefjast fyrir á vetrinum. Sýningarhald mun hefjast í mars og þar með fá eigendur dóma fyrir í hendur.

Næsti dagskrárliður var "Reiðvegir á Íslandi".

Framsögumenn:

Frá Vegagerð ríkisins:

Jón Birgir Jónsson.

Frá Samgöngumálan. Alþingis:

Árni Mathiesen.

Frá hestamönnum:

Kristján Auðunsson.

Jón Birgir Jónsson ræddi um reiðvegi eins og þeir snéru að Vegagerðinni. Hann nefndi að til reiðvegagerðar væru áætlaðar 6-7 milljónir og væri það einn af fáum liðum sem ekki hafi lent í niðurskurði. Hann sagði að reiðvegir væru ekki hluti af vegakerfi landsins. Það væri ljóst og að aðilar sem málið snerti yrðu að skilja að bílar og hestar á sama vegi ættu ekki saman. Hann vildi skilgreina reiðvegi í þá vegi sem hefðu vetrarumferð og aðra sem hefðu sumarumferð. Nefndi hann að reiðvegagerð samhliða nýrri vegalagningu hafi vel til tekist í Eyjafirði og væri það árvekni hestamannsins Jónasar Vigfússonar í Litla-Dal að þakka og þyrftu hestamenn að hafa vökult auga með framkvæmdum. Hann nefndi að reiðvegir ættu ekki heima við þjóðvegi og í fjárhagsáætlun væri úthlutað peningum til reiðvegagerðar samhliða nýjum vegalögnum. Oft væri Vegagerðin að lagfæra og gera reiðvegi meira í góðmennsku, þar sem hún hefði ekki leyfi til þess, þar sem viðkomandi vegir væru ekki á áætlun.

Árni Mathiesen flutti kveðju frá Pálma Jónssyni frá Akri formanni samgöngumálanefndar Alþingis.

Árni sagðist vera hestamaður og ætti því að hafa skilning á málinu. Bygging reiðvega væri ekki spurning um hvort ætti að gera heldur hvar og hvenær. Hann nefndi að umferð á þjóðvegum landsins væri mikil og nauðsynlegt væri að aðskilja hestaumferð frá bílum. Á Alþingi 1990-1991 var samþykkt tillaga um að skipa nefnd til að fara yfir reiðvegaáætlun. Hann nefndi að með sér í samgöngumálanefnd væri mikill hestamaður Gunnlaugur Stefánsson frá Heydölum og ættu þeir að hafa skilning á málinu.

Hann vill skipta fjármögnun upp í þrennt:

- a. Reiðvegi í þéttbýli á vegum sveitarfélaga.
- b. Reiðvegi meðfram þjóðvegum á vegum ríkisins.
- c. Reiðvegi á hálendinu og í þjóðgörðum á vegum ríkisins.

Hann nefndi að vegaf framkvæmdir væru fjármagnaðar með þunga- og bensínskatti en enginn væri skatturinn sem hestamenn greiddu og væri eflaust margur bíleigandinn sár yfir að fjármagna reiðvegagerð með sínu framlagi. Hann sagði að hestamenn yrðu að þrýsta á úrbætur við þingmenn í sínu kjördæmi. Á Alþingi '90-'91 kom fram tillaga um hóffjaðragjald og leist honum ekki á tillöguna þá, en þetta væri ekki svo fráleit hugmynd. Ekki væri samt hægt að styðja svona tillögu nema vera viss

um árangur.

Kristján Auðunsson kom næstur í pontu. Hann las upp hálfgerðan húslestur frá 3. apríl 1949 sem vitnaði um ófremdarástand á umferð bíla, hesta og búfénaðar fyrri tíma þar sem allt var í einum graut. Frá stofnun Fáks hafa reiðvegamála skipað verulegan sess en viðhald vega væri mikið verk. Hann vitnaði í grein vegamálastjóra skrifaða 1930 þar sem hann ritaði að bannað væri að loka reiðvegum nema aðrir kæmu í staðinn. Með vísun til Magnúsar Oddssonar ferðamálafrömuðar væru miklar tekjur af ferðamönnum. Það væri þá ekki óréttlátt að eyða hluta þeirra tekna í reiðvegagerð. Hann mótmælti beinum sköttum á hestamenn enda greiddu þeir mikla óbeina skatta sem næmu hundruðum milljóna m.a. í virðisaukaskatt af kaupum á reiðtygjum, fóðri o.fl. Unnið hefur verið að reiðvegagerð í kringum Rauðavatn og er verkið unnið í samráði við Fák og einnig í mikilli samvinnu við Skógrækt Reykjavíkur. Hann sagði að vegagerð hefði orðið hestamönnum til ópurftar vegna ræsagerðar, girðinga og vegna vöntunar á aðgengilegum hliðum. Að lokum sagði hann að sigið hafi jafnt og þétt á ógæfuhliðina frá 1904 en þá kom fyrsta bifreiðin til landsins.

Síðan hófust pallborðsumræður og tóku ofangreindir framsögumenn þátt í þeim ásamt Bryndísi Brynjólfsdóttur, Selfossi frá Sambandi sveitarfélaga og Kristmundi Halldórssyni frá Gusti ásamt öðrum fundarmönnum.

Kári Arnórsson formaður stjórnaði umræðum og spurði Bryndísi hvort Samband sveitarfélaga hafi á fundum sínum tekið reiðvegamála fyrir. Hún sagði að reiðvegamála hefðu borið á góma og að margir stjórnarmenn hefðu sýnt því áhuga að komast í nefnd um reiðvegamála.

Kristmundur þakkaði framsögumönnum og fannst lítið hafa miðað í reiðvegamálum landsins. Kvaðst hann hissa á að reiðvegir skyldu ekki vera hluti af vegakerfi landsins að mati Vegagerðarinnar.

Jón Birgir taldi Vegagerðina ekki ábyrga fyrir öðru en þjóðvegum landsins. Ekki væri um að ræða áhugaleysi um reiðvegi heldur yrðu menn að velja og hafna. Hann mælti með að L.H. myndi ráða tæknimann um 6 mán. skeið til að kortleggja reiðvegi utan höfuðborgarsvæðisins. Bauðst hann til þess að greiða helming af kostnaði. Hann var fullviss um að þessi vinna myndi skila miklum árangri til framfara.

Stefán Pálsson sagði að honum þætti einkennilegt það sem Jón Birgir sagði þ.e. að reiðvegir og þjóðvegir færu ekki saman. Hann sagði einnig að 1982 hefði stjórn L.H. gert samning við Vegagerðina þar sem fram kemur að Vegagerðin myndi hlusta á óskir hestamanna á hönnunarstigi og fyrir heildarútboð. Því þarf ekki sérstaka fjárveitingu af reiðvegafé til þessa verkefnis. Stefán taldi að reiðvegir verði að liggja nærri akbrautum.

Einn fundarmanna sagði að Vegagerðin hafi eyðilaggt reiðvegi í Laugardalnum þar sem framkvæmd við klæðningu á vegum hefur farið fram.

Jón Birgir sagði Vegagerðina ekki geta tekið á reiðvegamálum nema að fyrir liggi samræmd áætlun um gerð reiðvega. Hvernig skuli leggja þá og hvar í nágrenni akbrauta.

Kristján Auðunsson þakkaði tilboð Vegagerðarinnar um tæknivinnu og sagði það ekki vera óeðlilegt að Árni Mathiesen taki að sér hinn helminginn. Einnig sagði hann að samkvæmt vegaáætlun bæri Vegagerðinni að aðstoða við gerð reiðvega.

Ingimar Sveinsson sagði hestamenn hafa sama rétt á vegakerfi landsins og aðra þótt á skorti með skilning ýmissa annarra, sem um vegina fara. Þar sem bundið slitlag er lagt á vegi ber Vegagerðinni að leggja reiðvegi með vegunum. Vegagerðin hefur ekki rétt til að aðskilja umferð hestamanna og aðra umferð.

Bryndís var spurð um hvað henni fyndist um skyldur sveitarfélaga að sjá um reiðvegi í þéttbýli?

Reynir Hjartarson spurði Jón Birgi hvort gömlu vegirnir frá Eyjafirði til Skagafjarðar meðfram stofnbraut fengju að halda sér?

Ármann Gunnarsson sagðist vera ánægður með túlkun Kristjáns Auðunssonar á boði Jóns Birgis um hlutdeild í tæknimanni. Hann sagði að vegir væru boðnir út og tilboð væru langt undir kostnaðaráætlun. Þar myndaðist mismunur og mætti hann ekki fara t.d. í reiðvegagerð jafnhliða vegalagningu?

Páll Dagbjartsson spurði um rétt ríðandi manna á vegum sem hafa verið aflagðir. Hver hefur rétt á að loka eða leyfa umferð?

Kristmundur Halldórsson spurði Jón Birgi hvort dæmi væru til þess að reiðvegir hafi verið lagðir jafnhliða nýjum veg?

Jón Birgir sagði að Vegagerðinni bæri að láta landeigendur hafa gamla veginn þegar hann væri aflagður og væri það oft undir landeigandanum komið hvað yrði um framhaldið. Hann sagði að sá mismunur sem væri á kostnaðaráætlun og tilboðum væri notaður til vegagerðar og notaðist ekki til beinna reiðvegagerðar.

Árni Mathiesen sagði að 12 milljarðar kæmu inn á ferðaþjónustu á ári hverju og vildi hann frekar að peningar til að auka hana yrðu settir í landkynningu frekar en reiðvegi.

Birgir R. Gunnarsson spurði Jón Birgi hvort undirgöng myndu fást undir Suðurlandsveg við Rauðhóla? Í vor ætlaði Vatnsveitan að rjúfa veginn og væri því kjörið tækifæri að gera undirgöng á sama tíma.

Jón Birgir svaraði Birgi R. og sagði að ofangreind undirgöng yrðu að vera á áætlun og yrði Árni Mathiesen að beita sér fyrir fjárframlagi í þetta verk svo að hægt verði að framkvæma það í vor.

Kári Arnórsson sleit síðan pallborðsumræðum og var tillögum samkvæmt þingskjölum vísað til nefnda og þingfundi frestað til kl. 10:00 árdegis á laugardag.

Fundi fram haldið 31.10. kl. 10:00.

Fannar Jónasson þingforseti kynnti liðinn, skil starfsnefnda.

**Kristján Auðunsson formaður laganefndar lagði fram þingskjöl nr. 3 og 4.** Hann sagðist vera mótfallinn því að þing væru haldin annað hvert ár. Það væri ekkert ódýrara að senda formenn á formannaráðstefnu en að senda þingfulltrúa á L.H. þing. Okkur veitti ekki af því að hittast á hverju ári og ræða um og berjast fyrir okkar hagsmunamálum.

Björn Jónsson tók til máls og studdi þingskjöl nr. 3 og sagði tillöguna ekki vera vanhugsaða.

Kári Arnórsson tók undir orð síðasta ræðumanns og sagði að grasrótin hafi lagt þetta fram því að meirihluti félagsmanna sem heima sitja hafi mælt með að þing væru haldin annað hvert ár. Hann sagði að málefni ættu að ráða en ekki hvað það er ánægjulegt að koma á þingið. Skoraði hann á þingfulltrúa að samþykkja tillöguna.

Sigurborg Daðadóttir formaður Léttis tók til máls og sagði að ekki mætti hugsa um það hvað þau félög sem héldu þingið græddu mikið á því og þar með að gróði myndi tapast. Það yrði að leysa á annan hátt.

Kristinn Guðnason tók til máls og sagði að þingfulltrúar Geysis hefðu farið með skýr skilaboð frá félagsmönnum á þingið og þau væru að þing yrði í framtíðinni haldin annað hvert ár.

Steingrímur Viktorsson tók til máls og sagðist styðja að þing væru haldin á hverju ári.

Kristján Auðunsson sagði að ástæða væri til þess að hafa þing á hverju ári. Gerði hann lítið úr kostnaði félaganna og sagði að fulltrúar greiddu mest af kostnaðinum sjálfir. Fákur samþykkti með 92 atkvæðum gegn 6 að þing skyldi haldið á hverju ári.

Halldór Gunnarsson tók til máls og sagði að 76% félaga innan L.H. hafi samþykkt að halda þing annað hvert ár. Ef það gengur ekki upp þá breytum við bara til baka og höldum þing aftur á hverju ári.

Ragnar Tómasson tók til máls og sagði að við svona þing hefðum við ekkert að gera þar sem ekki gæfist tími í frjálsa umræðu. Dónaskapur að leyfa ekki fundarmönnum að tjá sig á þinginu. Svona þing mætti þess vegna halda fjórða hvert ár. Hann hefur áhyggjur af að hestamenn séu að þróast í tvær áttir og taldi nauðsynlegt að hafa þing hvert ár.

Reynir Hjartarson tók til máls og sagði að þingfulltrúar yrðu að greiða atkvæði samkvæmt því nesti sem þeir hefðu að heiman. Þing ættu ekki að vera með fræðsluerindi á dagskrá heldur ætti að nota tímann til að ræða mál L.H.

Fannar Jónasson þingforseti hafði nafnakall til að athuga hvaða fulltrúar sætu í salnum og síðan var gengið til atkvæðagreiðslu um þingskjal nr. 3.

Atkvæði féllu þannig að með tillögunni voru 78 en 34 á móti. Tillagan var því felld þar sem 2/3 hluta þingfulltrúa þarf til að samþykkja lagabreytingar. Þing verða því haldin á hverju ári eins og verið hefur.

Nú var gengið til atkvæðagreiðslu um þingskjal nr. 4.

Steingrímur Viktorsson kvaddi sér hljóðs og sagði að sér fyndist það vera skylda L.H. að gefa út tímarit. Fleiri tóku ekki til máls og var tillagan borin upp.

Atkvæði féllu þannig að með tillögunni voru 79 en 13 á móti.

Tillagan var felld því að 2/3 þingfulltrúa þurftu að vera samþykkir.

Næstur tók til máls Birgir R. Gunnarsson formaður fjárhagsnefndar.

Nefndin leggur fram breytingar á þingskjali nr. 2, þ.e. að árgjöld skyldu vera kr. 475 fyrir 16 ára og yngri en kr. 950 fyrir þá eldri. Nokkra útgjaldaliði nefndi hann að mætti lækka og ýmislegt mætti gera til að auka tekjur L.H. t.d. skemmtun í Reiðhöllinni í Rvík o.fl.

Páll Dagbjartsson kvaddi sér hljóðs og fannst skorta rök frá stjórn L.H. fyrir því að fara fram á 15,8% skatt á milli ára. Mörgum félagsmönnum þætti þessi skattheimta há. Páll lagði fram breytingartillögu um að árgjöld skyldu ver óbreytt á milli ára.

Kári Arnórsson kvaddi sér hljóðs og sagði að tveir tekjupóstar myndu detta út á næsta ári þ.e. styrkur frá ríkinu og þátttaka HÍS í rekstri skrifstofunnar. Taldi hann að stjórn L.H. hefði ekki farið fram á mikla hækkun á árgjöldum og skoraði á þingheim að samþykkja þingskjal nr. 2 óbreytt.

Stefán Pálsson tók næstur til máls og taldi nauðsynlegt fyrir hestamenn að halda úti öflugum starfi hjá L.H. Lagði hann til að tillaga fjárhagsnefndar yrði samþykkt og að félög reyndu að fá fleiri félagsmenn í sínar raðir til að auka tekjurnar.

Fyrst var gengið til atkvæðagreiðslu um breytingartillögu Páls Dagbjartssonar um óbreytt árgjöld og var hún felld með meginþorra atkvæða.

Næst var borin upp breytingartillaga fjárhagsnefndar og var hún samþykkt með atkvæðum meginþorra þingmanna.

Árgjöld til L.H. verða því kr. 475 fyrir 16 ára og yngri en kr. 950 fyrir þá sem eru 17-69 ára.

Ingimar Sveinsson formaður kynbótanefndar gerði grein fyrir störfum nefndarinnar.

Fyrir nefndinni lágu tvær tillögur. Nefndin samþykkti að breyta þingskjali nr. 6 þannig að á eftir "kynbótasýningum" í annari línu komi til viðbótar "svo og öðrum

sýningum" sé fylgt o.s.fr.v.

Þingskjalið er því eftirfarandi með viðauka nefndarinnar:

"43. ársþing.... felur stjórn L.H. að stuðla að því, að reglum um skráningu hrossa á kynbótasýningum svo og öðrum sýningum sé fylgt, svo að ekki komi til eyður í skrá, sem gefnar eru út á þessum sýningum".

Miklar umræður urðu um þingskjal nr. 7 í nefndinni og kom fram frávísun og var hún samþykkt í nefndinni.

Fjallað var um bréf til nefndarinnar frá Stóðhestastöðinni þar sem stjórn hennar fer þess á leit við L.H. að samtökin beini eindregnum tilmælum til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins að sjóðurinn styrki Stöðina með myndarlegu fjárframlagi til að ljúka uppbyggingu.

Nefndin gerði í áframhaldi af bréfinu eftirfarandi tillögu varðandi Stóðhestastöðina.

**Þingskjal nr. 30**

"43. ársþing L.H. fer þess vinsamlegast á leit við Framleiðnisjóð landbúnaðarins að sjóðurinn styrki Stóðhestastöðina með myndarlegu fjárframlagi til að ljúka uppbyggingu hennar. Fyrri áfanga er lokið en brýnt að ljúka sem allra fyrst aðstöðu fyrir geymslu á fóðri og sagi ásamt aðstöðu fyrir þjálfun hesta".

Umræða opnuð um tillöguna og breytingu á þingskjali nr. 6.

**Þingskjal nr. 6 með viðauka samþykkt samhljóða.**

Flutningsmenn þingskjals nr. 7 fengu að skjóta inn nýrri tillögu í stað nr. 7 sem ekki fer til atkvæðagreiðslu.

Ragnar Tómasson kvaddi sér hljóðs um hina nýju tillögu sem er eftirfarandi:

"43. ársþing L.H. felur stjórn sambandsins að gangast fyrir því að haldin verði sameiginleg ráðstefna með þátttöku L.H., Búnaðarfélags Íslands og Félags hrossabænda þar sem efnt verði til umræðu um kosti og galla núverandi dómkerfis kynbótahrossa". (Ragnar Tómasson)

Ragnar sagði að nefndarmönnum hafi þótt þingskjal nr. 7 of róttækt og lagði til að ráðstefna yrði haldin eins og fram kemur í tillögunni.

Halldór Guðmundsson kvaddi sér hljóðs um ofangreinda tillögu og sagði að dómur gæðinga og kynbótahrossa væru stórt hagsmunamál okkar hestamanna. Leggur hann til að núverandi kerfi fái að sanna sig lengur og ekki sé sjálfgefið að önnur séu alltaf betri.

Kristinn Hugason kvaddi sér hljóðs um ofangreinda tillögu og fór yfir umræður sem urðu í nefndinni. Hann sagði að á Íslandi hefði náðst árangur í kynbótastarfi sem væri mikið betri en þekktist í nágrannalöndunum. Tillögu Ragnars og Reynis sagði hann vera óþarfa þras.

Jónas Kristjánsson kvaddi sér hljóðs um tillöguna. Taldi hann nauðsynlegt að halda slíka ráðstefnu og sagðist sjálfur hafa mörg atriði í huga sem ræða mætti á slíkri ráðstefnu. Sagði hann mikið ósamræmi milli einkunna um gerð og kosti hestsins í dómum síðastliðins árs. Lagði hann til að markaðurinn yrði skoðaður og athugað



hvernig hestamenn vilja helst hafa hestinn.

Er ósamræmi á milli markaðarins og einkunnagjafar er m.a. efni sem hann vill ræða á ráðstefnunni. Jónas tók sem dæmi að hvergi komi fram hvað stóðhestur er frjósamur en þær upplýsingar þurfa að vera ljósar. Slík ráðstefna yrði frekar til gagns en ógagns.

Nú var gefið matarhlé.

Ingimar Sveinsson sagði að þingstörf væru komin í mikið tímahrak og sagðist ekki sjá hvernig L.H. eigi að boða til slíkrar ráðstefnu. Verulegur munur væri á dönskum og íslenskum dómskölum og Jónas K. ætti að kynna sér það.

Ingimar lagið til að nýju tillögunni yrði vísað frá.

Frávísunartillagan var tekin til atkvæða og var hún samþykkt með miklum meirihluta atkvæða.

Tekin var fyrir umræða um þingskjal nr. 30 um Stóðhestastöðina.

Enginn kvaddi sér hljóðs og var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn 1.

Tekin var fyrir umræða um þingskjal nr. 31, mótmæli um sölu Stóðhestastöðvarinnar sem er svohljóðandi:

"43. ársþing L.H. mótmælir harðlega áformum um sölu Stóðhestastöðvar ríkisins svo sem fram kemur í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1993 og skorar á landbúnaðarráðherra að beita sér slíkum áformum".

Enginn kvaddi sér hljóðs og var tillagan samþykkt samhljóða.

Hallgrímur Jónasson formaður ferða- og umhverfismálanefndar gerði grein fyrir störfum nefndarinnar. Tvö þingskjöl lágu fyrir nefndinni til umfjöllunar, þ.e.

nr. 8 og 9.

Þingskjal nr. 8 hlaut mikla umræðu og niðurstaða nefndarinnar varð sú að vísa tillögunni frá en þingskjal nr. 9 skyldi lagt fyrir fundinn. Að auki lagði nefndin fram þingskjöl nr. 28 og 29 sem hljóma á þessa leið:

**Þingskjal nr. 28**

Þing L.H. samþykkir að heimila stjórn L.H. að ráða tæknimenntaðan starfskraft. Verksvið hans verði að vinna úr þeim gögnum um reiðvegi landsins sem nú liggja fyrir og afla nýrra upplýsinga ef þurfa þykir, samræma þau og gera heilsteypta reiðvegaáætlun. Ráðningartími verði 6 mánuðir og verði stjórn L.H. falið að tryggja fjármagn til verksins.

**Þingskjal nr. 29**

Þing L.H. skorar á Alþingi að samþykkja nú þegar breytingu á veglögum þannig að Vegagerð ríkisins sé skylt að leggja reiðvegi meðfram akvegum með bundnu slitlagi, þar sem umferð ríðandi manna verði ekki komið fyrir með öðrum hætti.

Tekin var fyrir umræða um þingskjal nr. 9. Enginn kvaddi sér hljóðs og var tillagan samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 28 var nú tekið til umræðu.

Kristmundur Halldórsson kvaddi sér hljóðs og benti á, að í tillögunni ætti að vera skírskotun til Vegagerðarinnar t.d. að ráða starfsmann í samráði við Vegagerðina. Kári Arnórsson kom með smá ábendingu um tillöguna sem snerti Vegagerðina sem ekki vildi vera bendluð opinberlega við málið.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Tekin fyrir umræða um þingskjal nr. 29. Enginn kvaddi sér hljóðs og var tillagan samþykkt samhljóða.

Marteinn Valdimarsson formaður allsherjarnefndar skýrði frá störfum nefndarinnar. Í nefndinni störfuðu um 20 manns. Fyrir nefndinni lágu þingskjöl nr. 10,11,12,13 og 14.

Við þingskjal nr. 10 bætist: "og endurskinsmerki". Þar með er þingskjal nr. 13 óþarft og lagt niður.

Þingskjal nr. 11 breytist þannig að í stað "samþykkir" komi "leggur til að stjórn L.H. og HÍS skipi" o.s.frv. einnig að HÍS komi inn á eftir L.H. í þriðju línu þ.e. "Nefndin skal vera unglíngafulltrúa L.H. og HÍS til ráðuneytis í starfi".

Þingskjal nr. 12 lagt fram óbreytt með nýrri greinargerð til að vinna eftir.

Þingskjal nr. 14 ekki lagt fram en í staðinn kemur breytt tillaga. Í stað þess að kjósa 7 manna nefnd á þinginu er "stjórn L.H. falið að skipa 7 manna nefnd o.s.frv".

Breytingartillaga við þingskjal nr. 14 verður því eftirfarandi:

"43. ársþing... felur stjórn L.H. að skipa 7 manna nefnd og 2 til vara í millipinganevnd, sem hafi það markmið að kanna kosti og galla þess að sameina L.H. og HÍS í eitt landsfélag. Niðurstöður nefndarinnar liggi fyrir 1. feb. 1993 og verði kynntar aðildarfélögum L.H. Skulu félögin taka afstöðu til málsins og skila álitum til nefndarinnar fyrir 1. júní. Nefndin skili síðan framkomnum niðurstöðum til ársþings L.H. 1993".

Í nefndinni kom upp umræða um hvernig hægt er að stöðva fjölgun hrossa í landinu og að hestamenn yrðu að skoða þetta mál gaumgæfilega.

Tekin var upp umræða um breytt þingskjal nr. 10. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan var samþykkt með einu mótatkvæði með áðurnefndri viðbót, og hljóðar hún svo:

43. ársþing...samþykkir að beina því til aðildarfélag L.H. að stjórnir þeirra beiti sér fyrir því að keppendur félaga þeirra noti reiðhjálma þegar þeir taka þátt í keppni og sýningum. Einnig að félögin beiti sér fyrir almennri notkun reiðhjálma og endurskinsmerkja.

Umræða um breytt þingskjal nr. 11 tekin fyrir.

Ásdís Ingimarsdóttir æskulýðsfulltrúi L.H. kvaddi sér hljóðs og mælti með stuðningi við þessa tillögu og var hún samþykkt samhljóða með áður nefndum breytingum og er hún því eftirfarandi:

43. ársþing... leggur til að stjórn L.H. og HÍŠ skipi 5 manna nefnd sem fari með málefni barna og unglinga innan L.H. og HÍŠ. Nefndin skal vera æskulýðsfulltrúa L.H. til ráðuneytis og aðstoðar í starfi.

Þingskjal nr. 12 var nú tekið til umræðu.

Guðbrandur Kjartansson kvaddi sér hljóðs og reyndi að skýra út umrædd lyfjamál. Hann sagði að lyfjamál hjá HÍŠ væru afgreidd því að þau samtök væru innan ÍSÍ og væru þar skýrar reglur um lyfjamál. Fram kom að kostnaður við hvert lyfjapróf væri á bilinu 20-28 þúsund krónur og væri ódýrast að senda prufur til Svíþjóðar. L.H. þurfi að styðjast við alþjóðareglur en ekki sníða sínar eigin.

Ingimar Sveinsson kvaddi sér hljóðs og kvaðst vera á móti öllum örvandi lyfjum. Skilgreina þurfi vandlega hvaða lyf megi nota og hver ekki.

Kári Arnórsson tók undir að styðjast yrði við alþjóðalög.

Kristinn Guðnason kvaddi sér hljóðs og sagðist vera á sama máli og Ingimar og vildi að við myndum flýta okkur hægt í lyfjamálum.

**Tillagan samþykkt samhljóða.**

Umræða um breytt þingskjal nr. 14 tekin fyrir.

Ármann Gunnarsson tók til máls og ræddi um hvað hafi legið fyrir þegar tillagan var gerð fyrir norðan og hvaða menn þeir hafi haft samband við sem væru tilbúnir að gefa kost á sér í þetta starf og meiningin var að stinga upp á, á þinginu.

Kári Arnórsson fagnaði að þessi tillaga væri fram komin til að koma þessu undir einn hatt. Mælti hann með að þessi tillaga yrði samþykkt.

**Beytingartillaga við þingskjal nr. 14 var samþykkt samhljóða.**

Haraldur Þórarinnsson formaður færðslu- og útgáfunefndar skýrði störf nefndarinnar. Eitt skjal þ.e. þingskjal nr. 15 lá fyrir nefndinni. Aðeins tveir menn voru í nefndinni og var henni slegið saman við mótanefnd.

Nefndin lagði fram breytt þingskjal nr. 15 þ.e. að á eftir "láti semja námsskrá í reiðkennslu" bætist "og leita samráðs við þá aðila er málið varðar. Einnig láti stjórnin kanna alla möguleika til að fjármagna slíka útgáfu".

**Tillagan var samþykkt samhljóða og er eftirfarandi í heild sinni:**

43. ársþing...samþykkir að stjórn L.H. láti semja námsskrá í reiðkennslu og leita samráðs við þá aðila er málið varðar. Einnig láti stjórnin kanna alla möguleika til að fjármagna slíka útgáfu.

Gísli R. Sveinsson formaður mótanefndar skýrði störf nefndarinnar. Engin tillaga lá fyrir nefndinni, en nefndarmönnum var falið að koma með tillögu um hvernig standa mætti að móta- og sýningarhaldi í framtíðinni. Fram kom hjá nefndinni að of fáir áhorfendur væru á mótum og þau ekki nógu spennandi.

Fram kom þingskjal nr. 26 sem er svohljóðandi:

"43. ársþing samþykkir að fela stjórn L.H. að skipa millipinganefnd til að huga að breytingum á keppnisfyrirkomulagi íslenska gæðingsins þannig að gæðingakeppni verði áhugaverðari. Stjórn L.H. sjái til þess að nýtt fyrirkomulag verði reynt á árinu 1993 og álitsgerð skilað á næsta ársþingi".

Við megum ekki staðna í þessum málum og verðum að breyta til og koma með áhugaverðar tillögur t.d. frá Ameríku.

Fram kom þingskjal nr. 27 sem er svohljóðandi:

"43. ársþing L.H. skorar á stjórn L.H. að fylgjast vel með hugsanlegum tækifærum sem kunna að skapast ef gerðar verða breytingar á lögum er varða veðmálastarfsemi".

Hallgrímur Jónasson kvaddi sér hljóðs um þingskjal nr. 26 og benti á að hjá L.H. væri millipinganefnd (fastanefnd) gæðinga- og unglíngakeppnisnefnd sem rétt væri að vísa þessu máli til og kom með breytingartillögu þar um.

Í stað "fela stjórn L.H." komi "fela gæðinga og unglíngakeppnisnefnd L.H. að skipa o.s.frv.", og í stað "Stjórn L.H. sjái til þess" komi "Stefnt skal að því o.s.frv.".

Haraldur Þórarínsson tók til máls og fannst rétt að skipa sér nefnd um þetta mál, svo öruggt væri að eitthvað nýtt yrði prófað.

Jón Albert Sigurbjörnsson tók til máls og sagðist vera í gæðinga- og unglíngakeppnisnefnd sem hefði ekkert að gera og því studdi hann tillögu Hallgríms.

Eyjólfur Ísólffsson tók til máls og kvaðst eindregið styðja tillögu nefndarinnar. Taldi hann tillöguna mjög mikilvæga og áhugaverða. Benti hann einnig á margar leiðir til breytinga.

Hallgrímur Jónasson kvaddi sér hljóðs og sagði að það væri ekki tillaga sín að málið yrði mildað.

**Breytingartillaga frá Hallgrími J. við þingskjal nr. 26** var tekin til atkvæðagreiðslu og var hún samþykkt með miklum meirihluta atkvæða og er þingskjal nr. 26 eftirfarandi:

"43. ársþing..samþykkir að fela gæðinga og unglíngakeppnisnefnd L.H. að skipa millipinganefnd til að huga að breytingum á keppnisfyrirkomulagi íslenska gæðingsins þannig að gæðingakeppni verði áhugaverðari. Stefnt skal að því að nýtt fyrirkomulag verði reynt á árinu 1993 og álitsgerð skilað á næsta ársþingi".

Þingskjal nr. 27 tekið til umræðu. Enginn kvaddi sér hljóðs og tillagan var samþykkt samhljóða.

Nú kom fram dagskrárbreyting á álitum nefnda.

Næsti liður á dagskrá var fræðsluerindi um sveppasýkingu flutt af Kristínu B. Guðmundsdóttur.

Í inngangi sínum kom hún fram með að í sumar og haust hefði borið á smitandi húðsjúkdómi í hrossum hér á landi af völdum sveppsins *Trichophyton mentagrophytes*. Sagði hún að sveppsins hefði áður orðið vart hér á landi í köttum um og upp úr 1950, en aldrei náð að breiðast út fyrr en nú. Sjúkdómur þessi hefur nú verið staðfestur í hrossum víða um land en ekki hefur enn orðið vart við hann í austurhluta landsins né á Vestfjörðum. Hún fjallaði um orsök, ætt, einkenni, smitleiðir, meðgöngutíma og útbreiðsluhraða sveppsins. Einnig taldi hún upp helstu áhættuþætti í sambandi við smit. Hún talaði einnig um hvað best er að gera komi upp smit og einnig um fyrirbyggjandi aðferðir til varnar smiti.

Erindi hennar var vel tekið af þingfulltrúum enda nauðsynlegt fyrir hestaeigendur að gera sér grein fyrir því hvernig best er að haga baráttunni gegn þessum sjúkdómi sem og öðrum smitandi sjúkdómum í búfé.

Langt var nú liðið á dag og því var gefið kaffihlé.

Fundi var nú fram haldið og Kári Arnórsson las upp skeyti sem þinginu barst frá Grími Gíslasyni á Blönduósi. Í skeytinu þakkar hann boðið á þingið og óskar þingfulltrúum heilla í störfum.

Ármann Gunnarsson formaður gæðinga- og unglíngakeppnisnefndar skýrði störf nefndarinnar.

Þingskjal nr. 5 var vísað frá nefndinni.

Þingskjal nr. 16 var breytt og einnig var samin ný viðbót. Inn í fyrstu gr. komi eftirfarandi á eftir orðunum: "í reglum þessum" "Jafnframt er heimilt að skrá hross í eigu hrossabús og/eða ræktunarsambands til þátttöku í gæðingakeppni á vegum aðildarféлага L.H. enda sé forráðamaður búsins eða einhver eigandi þess félagsmaður í viðkomandi félagi. Hrossum hvers bús skal þó aðeins heimilt að taka þátt í keppnum eins félags þ.e. með sama hætti og gildir um hross almennra félagsmanna hestamannafélaga.

Þingskjal nr. 17. Tillagan var felld í nefndinni og því vísað frá.

Mælt var með þingskjali nr. 18.

Þingskjal nr. 19. Tillagan var felld í nefndinni og því vísað frá.

Þingskjal nr. 20. Nefndin samþykkti ekki þessa tillögu og henni því vísað frá. Ath. síðar.

Þingskjal nr. 21 var samþykkt með þeirri breytingu að fela stórn L.H. að skipa nefndina.

Nefndin var efnislega sammála þingskjali nr. 22 með þeirri breytingu að fela stjórn L.H. að skipa nefndina.

Þingskjal nr. 23 var samþykkt með smábreytingu, þ.e. nefndin aðlagði tillöguna að reglum um réttindi gæðinga- og unglíngadómarara.

Er hún eftirfarandi:

43. ársþing L.H. samþykkir eftirfarandi breytingar á 4. gr. reglna um gæðinga og unglíngadómarara. 4.gr. orðist svo:

Til þess að viðhalda dómarréttindum er gæðingadómarara skylt að mæta árlega á

æfinganámskeið. Námskeið þessi skulu haldin fyrir 1. apríl ár hvert og sé til þeirra boðað með minnst eins mánaðar fyrirvara. Geti viðkomandi dómari ekki sótt námskeið í sinni deild er honum heimilt að mæta hjá öðrum deildum. Stjórn Dómarafélags L.H. skipuleggi æfinganámskeið í samráði við stjórnir deilda Dómarafélagsins.

Samræma þarf allt efni sem lagt er fyrir á slíkum námskeiðum. Umsjónarmenn æfinganámskeiða geta ef brýn ástæða þykir til látið þátttakanda/dómara þreyta hæfnispróf. Dómari getur sótt um undanþágu frá því að sækja æfinganámskeið liggi til þess góðar og gildar ástæður enda sinni hann ekki dómstörfum það ár. Sækja þarf um slíkar undanþágur skriflega til stjórnar Dómarafélags L.H. Umsjónarmenn æfinganámskeiða skulu vera með landsdómararéttindi.

L.H. skal gefa út og senda aðildarfélögum sínum fyrir upphaf hvers keppnistímabils skrá með nöfnum þeirra dómara sem hafa fullgild dómaraéttindi samkvæmt þessari grein.

**Þingskjal nr. 24.** Tillagan var felld í nefndinni.

**Þingskjal nr. 25.** Nefndin mælir með því að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Umræður um þingskjal nr. 16 með breytingu. Enginn kvaddi sér hljóðs og tillagan var samþykkt með miklum þorra atkvæða. Fyrta grein gæðingakeppni hljóðar því svo:

"Rétt til þátttöku í gæðingakeppni hafa öll tamin hross 5 vetra og eldri í eigu félagsmanna innan L.H., ef þau fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í reglum þessum. Jafnframt er heimilt að skrá hross í eigu hrossabús og/eða ræktunarsambands til þátttöku í gæðingakeppni á vegum aðildarféлага L.H. enda sé forráðamaður búsins eða einhver eigandi þess félagsmaður í viðkomandi félagi. Hrossum hvers bús skal þó aðeins heimilt að taka þátt í keppnum eins félags þ.e. með sama hætti og gildir um hross almennra félagsmanna hestamannafélaga. Hross sem taka þátt í kynbótasýningu eiga ekki rétt í gæðingakeppni lands- og fjórðungsmóta, að því undanskildu að hross, sem taka þátt í kynbótasýningu sem afkvæmi í afkvæmahópi hafa þó rétt til þátttöku".

Vegna þingskjals nr. 20 lagði nefndin til að samþykkt verði að breyta 17. gr. um sérstaka úrslitakeppni og var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Síðasta málsgrein 17. gr. breytist og er því greinin um sérstaka úrslitakeppni eftirfarandi:

"Á lands- og fjórðungsmótum skulu þeir hestar, sem hæstar einkunnir hafa hlotið, koma fram aftur fyrir dómnefnd og skal þá endanlega skorið úr um röð þessara hesta. Einnig má viðhafa slíka úrslitakeppni á öðrum hestamótum, ef viðkomandi framkvæmdanefnd ákveður svo.

Í úrslitakeppni skulu taka þátt jafnmargir hestar og verðlaun eiga að hljóta, á landsmótum 10, á fjórðungsmótum 8, og á öðrum mótum 3 eða 5. Forfallist hestur öðlast sá hestur er hæsta einkunn hefur af þeim er ekki komust í úrslitakeppnina þátttökurétt og telst varahestur.

Áður en úrslitakeppni hefst er heimilt að allir gæðingar í hvorum flokki komi fram fyrir áhorfendur og séu kynntir og aðaleinkunn þeirra lesin".

Samskonar breyting verði gerð á reglugerð um unglingskeppni (úrslitakeppni). Verður reglugerð um unglingskeppni, grein um úrslitakeppni því eftirfarandi:  
 "Á fjórðungs- og landsmótum skulu þeir knapar sem hæstar einkunnir hafa hlotið, koma aftur fyrir dómnefnd og skal þá endanlega skorið úr um röð þessara knapa. Einnig má viðhafa slíka úrslitakeppni á öðrum hestamótum, ef viðkomandi framkvæmdanefnd ákveður svo. Í úrslitakeppni skulu taka þátt jafnmargir knapar og verðlaun eiga að hljóta. Áður en úrslitakeppni hefst er heimilt að allir gæðingar í hvorum flokki komi fram fyrir áhorfendur og séu kynntir og aðaleinkunn þeirra lesin.

Umræður um þingskjal nr. 21, með smábreytingu sem fram kom hjá nefndinni. Enginn tók til máls og var tillagan samþykkt samhljóða.

Er hún eftirfarandi með breytingu:

43. ársþing L.H. samþykkir að fela stjórn L.H. að skipa þriggja manna nefnd til að yfirfara, endurvinnna og bæta við það ritaða efni sem nú er til og notað er við kennslu á dómaramámskeiðum svo og af dómurum að störfum. Nefndin skal í umfjöllun sinni leita álits færra manna og þá gjarnan fleiri en eins um hvert einstakt efni. Nefndin skal einnig gera úttekt á því myndefni sem til er og nýtt hefur verið til kennslu á námskeiðum svo og að leggja á ráðin um öflun frekara efnis. Dómarafélag L.H. leggi til formann nefndarinnar.

Umræður um þingskjal nr. 23, sem er meira og minna endurorðað. Enginn óskaði að taka til máls og tillagan var samþykkt með meginþorra aktvæða. Sjá hér að framan.

Umræður um þingskjal nr. 25 sem er óbreytt. Enginn kvaddi sér hljóðs og tillagan var samþykkt án mótatkvæða.

Komið var að næsta dagskrárlið þ.e. kosningum í stjórn.

**A. Kosning formanns.**

Kári Arnórsson sagði þingheimi að hann gæfi ekki kost á sér áfram til starfsins. Kári mælti með Guðmundi Jónssyni sem formanni og var hann kosinn í starfið með lófaklappi.

**B. Kosning varaformanns.**

Stefán Pálsson stakk upp á Guðbrandi Kjartanssyni og var hann kosinn varaformaður með lófaklappi.

**C. Kosning 3ja meðstjórnenda.**

Ingimar Ingimarsson fór í pontu og sagðist ekki gefa kost á sér áfram og þakkaði hann meðstjórnendum samstarfið. Ingimar stakk upp á Kristmundi Halldórssyni í sinn stað. Halldór Gunnarsson og Jón Bergsson gefa kost á sér til áframhaldandi starfa. Kristmundur Halldórsson, Jón Bergsson og Halldór Gunnarsson voru kosnir til tveggja ára með lófaklappi.

- D. **Kosning 5 varastjórnarmanna.**  
 Eftirfarandi tilnefningar komu fram:  
 Kolbrún Kristjánsdóttir.  
 Stefán Bjarnason.  
 Kristján Auðunsson.  
 Sigurgeir Bárðarson.  
 Marteinn Valdimarsson.  
 Ágúst Oddsson.

Gengið var til kosninga.	Kosningu til eins árs hlutu:
Kolbrún Kristjánsdóttir	105 atkv.
Marteinn Valdimarsson	99 atkv.
Ágúst Oddsson	88 atkv.
Sigurgeir Bárðarson	82 atkv.
Stefán Bjarnason	80 atkv.

- E. **Kosnir endurskoðendur.**  
 Kosnir voru til eins árs þeir Þorvaldur Þorvaldsson og Gísli B. Björnsson með lófaklappi.

### Þingslit.

Guðmundur Jónsson tók til máls og ávarpaði þingheim. Hann þakkaði það traust sem honum var sýnt með kosningu í formannssætið. Einnig þakkaði hann stjórnarmönnum sem voru að ganga úr stjórn og beindi orðum sínum sérstaklega til Kára Arnórssonar. Þá ræddi hann um það veganesti sem stjórnin fær með sér frá þinginu. Þakkaði hann gott þing og tilkynnti að næsta þing að ári liðnu yrði haldið í Skagafirði í boði allra hestamannafélaga í Skagafirði.

Kári Arnórsson fráfarandi formaður sleit síðan þinginu.

Þingforsetar:  
 Fannar Jónasson.  
 Bjarni Ansnes.

Ritarar:  
 Þorvaldur Þorvaldsson aðalritari.  
 Þröstur Karlsson.  
 Sigurður P. Ásólfsson.  
 Björg Dagbjartsdóttir.  
 Valgerður Gísladóttir.